

Mál nr. 353/2009

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar fyrirtækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið sem varð á athafnasvæði fyrirtækis.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 7.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.10.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 31.8.2009 ók M bifreið sinni, A, inn á athafnasvæði fyrirtækisins F. Var A þá ekið á spýtu sem lá á akleiðinni þannig að skemmdir urðu á A. Líklegt var talið að spýtan, sem var um 120 cm á lengd, hafi losnað úr vörubretti og fallið til jarðar, þegar skömmu áður var komið með vörur til F.

M kvaðst hafa kvartað við eiganda F vegna spýttunnar, en hann hafi ekki hirt um að fjarlægja hana. Um 30 mínútum síðar kvaðst M hafa sjálfur tekið spýtuna. M kveður F hafa átt að gæta þess að athafnasvæðið væri autt fyrir umferð um það. Það hafi brugðist eins og að framan greinir. M krefst þess að tjónið á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu F hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn eru fátækleg um óhappið og tildrög þess. Af þeim verður ekki ráðið að eigandi F eða starfsmenn hans hafi vitað um spýtuna úti á svæðinu áður en óhappið varð eða að af henni hafi stafað hættu fyrir aðra sem þarna áttu leið um. Verður að telja ósannað að óhappið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna F eða annarra atvika sem F ber ábyrgð á. Tjón á A bætist því ekki.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki.

Reykjavík, 3. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.